

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla
skólaárið 2006 - 2007

Starfsemi Borgarholtsskólans

Borgarholtsskólinn hóf starfsemi haustið 1996. Skólinn er við Mosaveg í Grafarvogi í Reykjavík. Hann er framsækinn og tæknivæddur nútímaskóli með rúmlega 1000 nemendur og fjölbreytt námsframboð.

Mikil birta, gott rými og einfaldleiki einkenna skólahúsið og gefur það andrúmsloftinu létt yfirbragð.

Borgarholtsskóli hefur frá upphafi haft þá stefnu að stuðla að bókmennt, handmennt og siðmennt nemenda sinna og kemur það fram í merki skólans.

Skólinn býður upp á fjölbreytt nám, bæði almennt nám, bóklegt nám til stúdentsprófs, starfsnám, iðnnám og námsbraut fyrir fatlaða.

Við skólann starfar samstilltur hópur starfsmanna sem sinnir kennslu, þjónustu við nemendur, stjórnun skólastarfsins ásamt eftirliti og þrífum á skólahúsnaðinu.

Leiðarljós í starfi og samskiptum í skólanum eru agi, virðing og væntingar og lögð er áhersla á jákvætt og hlýtt viðmót gagnvart nemendum.

Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla sem Menntamálaráðuneytið gefur út.

Undanfarin ár hefur stöðugt verið unni að frekari stefnumörkun sem kemur fram í: skipuriti, stefnuskrá, jafnréttisáætlun, starfsmannastefnu og umhverfisstefnu skólans.

Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans og stoðþjónustu ásamt samstarfi og samskiptum við aðila utan skólans sem honum tengjast.

Niðurstöður matsins verða jafnframt leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskiptum og samstarfi starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin varðar.

Matslíkan

Sjálfsmat Borgarholtsskólans hefur stuðst við matslíkanið Framhalds-Skólarýni frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Líkanið mælir fjölda atriða skólastarfsins sem leggja grunn að umbótum svo og eru niðurstöðunum gefin einkunn eins og kemur fram í eftirfarandi töflu: Stigagjöf í Framhaldskóla-Rýni gefur mest 1000 stig hverju sinni:

ár	stig
2003	366,50
2004	518,25
2005	523,75
2006	524,25

Upphaf nýs matstímabils haustið 2007

Starfsmenn skólans hafa í lok fyrra matstímabils endurskoðað og uppfært spurningalista og framsetningu í ljósi fenginnar reynslu. Matsspurningar líkansins eru grunnur að upplýsingasöfnun um innri sem ytri þætti sem varða skólastarfið. Tilmæli líkansins um

einkunnagjöf fyrir matsþætti munu verða til leiðsagnar um umbætur. Söfnun, skráning og úrvinnsla gagna verður tölvuunnin í forriti matslíkansins. Öllum könnunum verður svarað rafrænt. Sjálfsmatskýrsla Borgarholtsskólans mun byggjast á niðurstöðum úr tölvuvinnslu forritsins.

Gert var samkomulag við Benedikt Sigurðarson í Háskólanum á Akureyri (í samstarfi við upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri) um að halda áfram þjónustu við skólann um endurskoðað matskerfi sem þjónaði markmiðum sjálfsmats skólans. Af óviðráðanlegum ástæðum tókst ekki að skila matskerfinu í sínum nýja búningi fyrir lok skólaársins. Þá var búið að „leggja hinu fyrri“ svo skýrsla byggð á svörum í Framhalds-Skólarýni fellur niður haustið 2007.

Jafnframt Framhalds-Skólarýninum hafa verið gerðar reglubundnar kannanir í skólanum sem gefa möguleika á umbótastarfi. Í þessari skýrslu er farið yfir atriði í niðurstöðum þessara kannana sem gefa tilefni til skoðunar og ábendinga um þörf á umbótum.

Niðurlag inngangs að skýrslu 2006

Miklu hefur verið áorðað á tímabilinu frá árinu 2002 í starfi við skipulag í skólastarfinu. Þegar litið er yfir heildarniðurstöður í þessari skýrslu og túlkunar þeirra er þörfin fyrir upplýsingar hvað mest áberandi. Þannig má álykta að einn veigamesti þáttur skólastarfsins á næsta tímabils ætti að lúta að því að upplýsa viðkomandi – starfsmenn, nemendur, foreldra og aðra sem tengjast skólastarfinu – um þau málefni sem þá varðar.

Orðið upplýsing hefur hér víða merkingu; m.a. kannanir, úrvinnsla, greining markhópa og miðlun í máli, myndum og texta með fjölbreyttum hætti.

Þá þarf að gera Framhalds-Skólarýninn liprari í notkun en nú er, verði hann notaður áfram.

Kannanir skólaárið 2006 - 2007

Á haustönn eru gerðar viðhorfskannanir til skólastarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri nemenda. Yngri nemendur eru nýnemar hverju sinni og eldri nemendur þeir sem eru á næstsíðustu námsönn.

Starfsmannakönnun er gerð á vorin og meta þá starfsmenn afstöðu sína til vinnustaðarins og starfseminnar.

Áfangakannanir, eða kennslukannanir, eru gerðar haust og vor og skiptist milli anna og ára hvaða áfangar eru metnir. Síðastnefnda könnunin er ekki birt öðrum en viðkomandi kennara og skólameistara sem vinna úr niðurstöðum þeirra áfanga sem um er að ræða.

Áfangakannanir haust 2006 og vor 2007

Í könnuninni eru 21 spurning. Fjöldi nemenda var 693/824 og fjöldi svara 356/570 (51%/69% svarhlutfall til jafnaðar).

Viðhorfskannanir haustið 2006

Í könnun yngri nemenda eru 48 spurningar. Fjöldi nemenda var 230 og fjöldi svara 148 (64% svarhlutfall).

Í könnun eldri nemenda eru 45 spurningar. Fjöldi nemenda var 162 og fjöldi svara 81 (50% svarhlutfall).

Almennt ríkir ánægja með skólastarfið meðal nemenda sem starfsmanna og eru heildar-niðurstöður kannana aðgengilegar á innri vef skólans.

Viðhorfskönnun haustið 2006

Eftirfarandi eru þær athugasemdir þar sem um 20% eða fleiri nemenda gefa neikvæð svör sem þá koma til umræðu sem tilefni til úrbóta:

Mætingakerfi, skráning fjarvista	Yngri og eldri nemendur	uþb 20%
Netþjónusta	Yngri og eldri nemendur	uþb 20%
Finna fyrir kvíða	Yngri og eldri nemendur	uþb 23%
Sjá ekkert athugavert við reykingar við skólann	Yngri og eldri nemendur	uþb 30%
Ekki nóg samband við umsjónarkennara	Yngri	uþb 20%
Kynning á skólanum ekki nægileg	Yngri	uþb 20%
Þjónusta skrifstofu ófullnægjandi	Eldri	uþb 40%
Segjast ekki fá hrós frá kennara	Eldri	uþb 20%

Starfsmannakönnun vorið 2007

Í könnun eru 25 spurningar. Fjöldi starfsmanna var 139 og fjöldi svara 84 (60% svarhlutfall).

	Fjöldi svarenda neikvæðir	Fjöldi svarenda hvorki né
Samstarf ólíkra sviða ekki gott	34	33
Ekki næg hvatning til að sækja þekkingu	17	36
Fá ekki að taka þátt í ákvarðanatöku/stefnumörkun	14	29
Fá ekki hrós og hvatningu	16	25
Ánægja með vinnuaðstæður	15	13
Stjórnendur sýna áhuga á starfinu mínu	13	29
Verða vör við einelti	4	9

Ábendingarnar hér að framan úr niðurstöðum kannanan um viðhorf nemenda og starfsmanna eru væntanlega tilefni til aðgerða eða umbótaverkefna.

Afdrif umbótaverkefna úr sjálfsmatsskýrslu skólaárið 2005

- Skólameistari geri starfsmarkmið sín sýnilegri:
Skólameistari fór í námsleyfi á miðri önn og aðstoðarskólameistari tók við.
Ekki tilefni til aðgerða að sinni.
- Stefna um eflingu á starfshæfni kennara verði mótuð í tengslum við endurmenntun og þverfaglegt samstarf í skólanum. Stofnaður verði starfshópur undir forustu stjórnenda um efnistöð:
Hópurinn hefur ekki verið stofnaður. Þrátt fyrir þetta eru í gangi einstök þróunarverkefni ma „Opnum skólastofuna“ þar sem námskerfið Moodle er nýtt til kennslu. Annað þverfaglegt verkefni eru starfendarannsóknir þar sem hópur kennara horfir innávið á starfið sitt með vísindalegri aðferðafræði.
- Aukin samskipti foreldra og skólafólksins og marka stefna um aðkomu foreldra að skólastarfinu:
Foreldrum nýnema er boðið til sérstakrar kynningar í skólanum í upphafi haustannar, 300 manns mættu. Þrátt fyrir sýnilegan áhuga á stofnun

foreldrafélags var það ekki stofnað heldur stuðningshópur. Ástæða þessa er líkleg sú að fólk vill ekki binda sig í formlegu félagsstarfi.

- Auka/bæta samskipti skólans/einstakra deilda við fyrirtæki og aðra sem skipta máli fyrir starfsemi skólans:
Iðnnámsbrautir hafa aukið samstarf við starfsgreinaráð og fræðslusetur m.a. um raunfærnimat. Listnámsbraut á einnig mikið samstarf við fjölmiðlunarfyrirtæki. Nánar um þetta í skýrslum námsbrauta.
Félagslíðabraut er í góðu nánu samstarfi við stéttarfélög, ma Eflingu og SFR, og býður upp á nám fyrir ófaglært fólk.
- (Viðfangsefni umbótastarfs verði tengd stefnuskrá Borgarholtsskólans og starfsáætlunum deilda sem unnin var s.l. vetur)
- Safnað verði gögnum vegna upplýsinga sem skortir sbr. lista úr fyrri skýrslu. Ritstjóri skólanámskrár sér skráningu í samráði við stjórnendur.

Hafin verði umræða um eftirfarandi málefni:

- Nýsköpunarstarf verði nýtt til þróunar í skólastarfi. Deildum verði falið að ræða málefnið þetta og gera tillögur.
Verkefni af þessu tagi er Opnum skólastofuna“ þar sem námskerfið Moodle er nýtt til kennslu. Einnig starfendarannsóknir þar sem hópur kennara horfir innávið á starfið sitt með vísindalegri aðferðafræði.
- Umræða um lagaramma, fjárhags- og rekstrarþætti og kjarasamninga framhaldsskólans:
Þessi umræða hefur verið virk í samstarfsnefnd um stofnanasamning Bhs sem byggir á aðalkjarasamningi KÍ og Fjármálaráðherra.

Eftirfarandi er úr niðurlagi sjálfsmatsskýrslu skólaársins 2005 og er enn í fullu gildi: Nánast allir þættir umbóta sem voru á dagskrá s.l. árs geta verið áfram á næsta starfsári með þeim áherslum sem þar eru. Umbótaverkefni verða unnin áfram undir stjórn skólameistara sem felur kennurum eða öðrum starfsmönnum skólans umsjón eða framkvæmd þeirra.

Sérstaka áherslu virðist þurfa að leggja á eftirfarandi: meira samstarf, meiri kynningar, meiri upplýsingar. Starfið krefst þess jafnframt að kennurum þyki umbótastarfið ekki íþyngjandi; sagt með orðum nemendanna „það má ekki vera leiðinlegt“.